

## Höttur áfram í Maltbikarnum

Skrifað af Körfuboltadeild

Mánudagur, 07 Nóvember 2016 21:52

---

Höttur fór til Hveragerðis í kvöld og vann Hamar í 32 liða úrslitum Maltbikarsins í körfubolta. Leikurinn endaði 84-91. Höttur leiddi allan leikinn en Hamrarnir voru aldrei langt undan og leikurinn spennandi. Við erum því komin í 16 liða úrslit en dregið verður um mótherja í vikunni. Þrjú Dominos deildar lið féllu úr Bikarnum í 1. umferð; Stjarnan, Njarðvík og Snæfell. Nóg eftir af góðum liðum samt!

Tölfræði leiksins á kki.is: [http://kki.is/motamal/leikir-og-urslit/motayfirlit/Leikur?league\\_id=205&season\\_id=93869&game\\_id=3599731](http://kki.is/motamal/leikir-og-urslit/motayfirlit/Leikur?league_id=205&season_id=93869&game_id=3599731)